DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið – Prentgripur 1041 0858

Nr. 2668 Síðan 1968 55. árgangur
Fimmtudagur 29. september 2022
Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss


# Fyrstu íbúar Móbergs flytja inn í október


Myndasyrpa á bls. 11

*Glæsilegt nýtt hjúkrunarheimili við Árveg á Selfossi. Mynd: Dagskráin/HGL*

Í síðustu viku var gestum og gangandi boðið að líta inn í Móberg, glæsilegt nýtt fimm deilda hjúkrunarheimili á Selfossi, sem kemur til með að opna dyr sínar fyrir nýjum íbúum þann 10. október nk. Í heild geta sextíu íbúar dvalist í jafn mörgum íbúðum Móbergs.

Aðkoman að Móbergi er sannarlega glæsileg, húsið er á tveimur hæðum og er byggt í hring. Á sameiginlegum svæðum er bjart og vítt til veggja og af sameiginlegum svölum og út um glugga vesturhliðar hússins er stórbrotið útsýni yfir Ingólfsfjall og Ölfusá en fallegt og skjólgott útisvæði er inni í hringnum. Herbergin eru öll 25 fermetrar að stærð og eru vel útbúin fyrir umönnun.

Móbergs hefur verið beðið um hríð, en áform um bygginguna hófust árið 2015 og fyrsta skóflustungan var tekin í nóvemberlok árið 2019. Urban arkitektar ehf. og LOOP architects sáu um hönnun hússins en Eykt hefur séð um framkvæmdina.- HGL

## *Ritstjóraskipti hjá Dagskránni*

# Fyrsta konan sest í ritstjórastólinn

Helga Guðrún Lárusdóttir hefur verið, fyrst kvenna, ráðin ritstjóri Dagskrárinnar, fréttablaðs Suðurlands, og DFS.is. Mun hún taka við stöðunni þann 1. október næstkomandi. Helga hóf störf hjá Dagskránni í mars á þessu ári og hefur á þeim tíma sinnt blaðamennsku ásamt því að aðstoða við uppsetningu blaðsins og ýmsum tilfallandi verkefnum hjá Prentmeti Odda. Helga tekur við af Björgvini Rúnari Valentínussyni, sem hefur undanfarna mánuði ritstýrt blaðinu. Björgvin kemur því til með að stíga til hliðar og halda áfram að sinna starfi sínu sem útibússtjóri Prentmets Odda á Selfossi, rekstraraðila Dagskrárinnar.

Margt spennandi er framundan hjá Dagskránni og fréttavef blaðsins, DFS.is. Má þar sem dæmi nefna skemmtileg og fræðandi viðtöl við Sunnlendinga ásamt myndbandsþáttum inni á DFS TV. Við hjá Dagskránni leggjum metnað okkar í að búa til gott efni fyrir lesendur okkar og ætlum að halda því áfram. BRV



*Helga Guðrún Lárusdóttir. Mynd: Dagskráin/BRV*











Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is


# Sólheimajökull hefur hopað um 445 metra á tólf árum

Fimmtudaginn 22. september 2022 fóru nemendur í 7. bekk Hvolsskóla í árlega mælingaferð að Sólheimajökli. Við mælingar kom í ljós að jökullinn hefur hopað um 37 metra frá því fyrir ári síðan.

„Við vorum einstaklega heppin með veður, sól og blankalogn allan tímann. Björgunarsveitin Dagrenning kom og aðstoðaði okkur við mælingar. Jökullinn hefur hopað um 37 metra frá því haustið 2021 og var þetta í 13. skipti sem það var mælt. Jökullinn hefur hopað um 445 metra síðan árið 2010 þegar mælingar hófust. Mælt var með GPS tæki og veiðistöng fyrir dýptarmælingu. Lónið er um 54 metra djúpt eins og staðan er núna. Jón Stefánson byrjaði þetta verkefni árið 2010 og settum við niður blóm til minningar um hann. Í lok mælingar fengum við að fara í bátsferð að skoða lónið betur. Blái liturinn, askan og stærð lónsins komu okkur á óvart,“ segir í tilkynningu frá þessum flotta unga fólki.






## Kartöflugeymslan Selfossi, Ártúni

Kæri notandi!
Ákveðið hefur verið að taka á móti kartöflum til geymslu.

Laugardaginn 24. september Kl. 13 - 15.
Laugardaginn 1. október Kl. 10 - 12 og 13 - 15.

Gjaldið verður 2500 kr. fyrir básinn. Þeir sem hafa lykil að geymslunni en ætla ekki að nota hana eru beðnir að skila honum á sama tíma.

*Stjórnin*


# Smiðjudagar í Reykholtsskóla

Grunnskólarnir í Uppsveitum, Kerhólsskóli á Borg, Reykholtsskóli, Bláskógaskóli Laugarvatni og Flúðaskóli, standa í sameiningu að hluta þess valgreinanáms sem nemendum á unglingastigi skólanna stendur til boða. Þrisvar á ári eru haldnir smiðjudagar sem eru tveir langir samliggjandi skóladagar þar sem unglingarnir leggja stund á nám sem tengist áhugasviði hvers og eins. Með því að sameinast um þennan þátt námsins tekst þessum fámennu skólum að bjóða upp á fjölbreyttara úrval valgreina en þeim væri annars mögulegt að gera. Inn á milli námslotanna er ungmennunum gefið rými til þess að blanda geði við aðra krakka og kynnast jafnöldrum úr nágrannaskólunum í gegnum annars konar samskipti en bara þau sem verða til í gegnum samveru í kennslustundum. Félagsmiðstöðvarnar taka jafnframt þátt í verkefninu.

Skólarnir í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð hafa um nokkurra ára skeið átt í samstarfi um smiðjurnar. Flúðaskóli var nú með í fyrsta sinn. Í Flúðaskóla ganga unglingar úr Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þaðan kemur álíka stór hópur og úr hinum skólunum til samans. Þegar fyrsta smiðja skólaársins var haldin í Reykholtsskóla á dögunum var framboð námsgreinanna fjölbreyttara en nokkru sinni. Börnin völdu á milli 9 smiðja sem allar falla í flokka listgreina, verkgreina eða lífsfyllingar (eins og það heitir í Aðalnámskrá grunnskóla). Í þetta sinn hétu smiðjurnar: Leiklist, Samspil í hljómsveit, Flugdrekagerð (myndlist og vísindi), Tálgað í tré, Hnýtingar (Macrame knots), Boltasmiðja (körfubolti, knattspyrna og skák), Crossfitsmiðja (crossfit, stökkfimleikar og skák), Rafíþróttir og Matreiðsla.

Auk námsins í smiðjunum fengu börnin fræðslu um hinseginleikann á vegum Samtakanna 78.

Nemendur og starfsfólk Uppsveitaskólanna létu vel af því hvernig til tókst og ánægjan skein úr hverju andliti eins og meðfylgjandi myndir bera vitni um.

Næstu samstarfsverkefni skólanna fjögurra eru menningarferð til höfuðborgarinnar í nóvember sem einnig verður nýtt til náms- og starfskynninga og smiðjudagar á Borg í febrúar og að Laugarvatni í maí.

*Myndirnar tóku Karl Hallgrímsson og Lára Bergljót Jónsdóttir*












Það eru 85 DAGAR TIL JÓLA

Túnþökusala Oddsteins

Lóðaþökur - Fótboltagras
Golfvallargras

Sími 663 6666 - tso@tso.is - www.tso.is

prentmet ODDI heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

# KÓTELETTUKVÖLD

## Í ÞINGBORG 2022

**Hið stór skemmtilega Kótelettukvöld verður á ný haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg laugardagskvöldið 22. október nk.**

**Húsið verður opnað kl. 19:30!**
**Hátíðin sett kl. 20:00 (þökk sé mjaltaþjónunum)**

**Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, næst kemur Villingaholtshreppurinn út.**

## *Skemmtidagskrá*



**Borðhald:**

- Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé íslenska bóndanum).
- Eftirréttur EMMESSÍS og kaffi.
- Gos, rautt og hvítt og bjór er selt af bar.



**Skemmtidagskrá:**

- Guðni Ágústsson verður veislustjóri
- Bassi okkar í Glóru leikur dinnermúsik
- Ketill Ágústsson yngri spilar á gítar og syngur (Ketill syngur Bubba Morthens í Borgarleikhúsinu, (Níu Líf)
- Eyjólfur Eyjólfsson óperusöngvari í London og París þenur röddina. Strákur í Hrygg og Hraungerði (Nú langspilskennari við Flóaskóla. (Búsettur í Roðgúl á Stokkseyri)
- Happdrætti aldarinnar!





## *Happdrætti*

**Forystugimbur frá Ytra Álandi.**

Folatollur undan Ræðu-Jarli frá Brúnastöðum.

**Kvígukálfur frá Kolsholti efh**

Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður hjá Hótel 360° í Hnausi.

**Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður hjá Hótel Geysi.**

**Dregið verður úr seldum miðum.*

**Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:**
Guðrún Tryggvadóttir - Sími 894 4448 - grenigrund@islandia.is
Sigmundur Stefánsson - Sími 898 6476 - sigmundurstef@gmail.com
Aðalsteinn Sveinsson - Sími 860 7714 - adalsteinnkolsholti@gmail.com

**Aðeins 200 sæti eru í boði og því eins gott að vera tímanlega í að tryggja sér miða.**

**Miðaverð er 7.500 kr. Aldurstakmark miðast við 18 ár.**

**Þið eruð öll hjartanlega velkomin meðan húsrúm leyfir.**
**Takið afstöðu sem fyrst og verið með á skemmtilegu Kótelettukvöldi.**

# FÖGNUM VETRINUM!



*Ingibjörg Sólrún Sigmarsdóttir (t.v.) og Guðbjörg Pálsdóttir (t.h.) eru partur af hópnum sem stendur fyrir tónleikunum. Ingibjörg Stefánsdóttir, fyrir miðju, er fulltrúi Sigurhæða og varaformaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands sem standa að baki Sigurhæðum. Mynd: Dagskráin/HGL*

# Styrktartónleikar Sigurhæða í Midgard

Föstudaginn 30. september klukkan 20:00 verða haldnir styrktartónleikar fyrir Sigurhæðir í Midgard base camp á Hvolsvelli. Sigurhæðir eru mikilvægur hlekkur í Sunnlensku samfélagi en samtökin bjóða upp á þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Það varð ljóst strax frá stofnun Sigurhæða að þörfin á slíkri þjónustu á Suðurlandi var brýn en aðsóknin fór langt fram úr væntingum á fyrsta starfsárinu. Gert var ráð fyrir 64 skjólstæðingum en raunin varð sú að 101 kona höfðu nýtt sér þjónustu Sigurhæða í alls 409 viðtölum við lok fyrsta starfsársins.

Á bakvið tónleikana stendur samheldinn hópur af fimm nýnemum í diplómunámi í viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum, en hópurinn samanstendur af Guðbjörgu Pálsdóttur iðjuþjálfa, Ingibjörgu Sólrúnu Sigmarsdóttur, klippara á Stöð 2, Jónasi Yngva Ásgrímssyni, viðskiptafræðingi hjá DK hugbúnaði, Ólöfu Söru Garðarsdóttur, ferðaráðgjafa hjá Midgard og Unni Jónsdóttur, klippara á Stöð 2.

### Öllu gríni fylgir einhver alvara

Hópurinn rataði saman á nýnemadögum á Hólum í byrjun september „Við vissum að fyrsta verkefnið væri að halda viðburð, við vissum ekki hvort við ættum að halda teboð eða einhvern stórviðburð en í upphafi höfðum við verið að grínast með að „go big or go home" og halda bara tónleika. En grínið varð á endanum að alvöru, við ákváðum að stökkva bara í djúpu laugina og læra sem mest af því og við höfum klárlega lært mikið nú þegar. Þessi vegferð tekur yfirleitt nokkra mánuði hjá þeim sem standa fyrir sambærilegum viðburðum, en við erum að gera þetta á innan við mánuði, og það í fyrsta skipti," segja Guðbjörg og Ingibjörg léttar í bragði.

### Allir Sunnlendingar ættu að þekkja Sigurhæðir

Hópurinn þurfti ekki að hugsa sig lengi um þegar kom að ákvarðanatöku um hvaða málefni þau vildu styrkja. „Við vorum í öllum tilfellum að fara að gefa vinnuna okkar svo við vildum að einhver gæti notið góðs af henni. Jónas hafði heyrt um Sigurhæðir á fræðslukvöldi hjá Oddfellow nýlega þar sem hann fékk stóran bækling þar sem farið var yfir störf Sigurhæða og fannst það verðugt málefni. Fæst okkar höfðu heyrt um Sigurhæðir og eftir að hafa kynnt okkur göfuga starfið sem þau vinna þar vorum við öll sammála um að það þyrfti að kynna Sigurhæðir betur fyrir Sunnlendingum, þetta ætti að vera eitthvað sem öll vissu af," segja stelpurnar.

### Veisla fyrir augu og eyru

Listamennirnir sem koma fram á tónleikunum eru ekki af verri endanum en Bessi hressi ætlar að skemmta gestum á milli þess sem Arnar Jónsson, Erla Ösp, Írena Víglunds, Einar Þór og Bjarni, Herdís Rúts og Glódís bjóða upp á tónlistarveislu. Ágóðinn af miðasölunni mun renna óskiptur til Sigurhæða en hægt er að kaupa miða á tix.is

*-HGL*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
**Blaðamaður:** Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

**ISSN 1670-407X**

## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Bættu a við innri frið,
út skal sótt á fiskimið.
Sefa æstan kann ég krakka,
kærastan hún lét mig flakka.

Svar við gátu í blaði 2667: **KASSI**
1. Svart **kassi** - 2. Dóta**kassi**
3. Gír**kassi** - 4. Brjóst**kassi**

## Sunnlenski matgæðingurinn

*Lárus Helgi Helgason er Sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.*

Takk fyrir tilnefninguna Inga mín.

Gallinn við þessa tilnefningu er reyndar sá að ég kann eiginlega engar uppskriftir en hef vissulega gaman af því að sulla þessu og hinu saman, stundum með góðum árangri.



Hvað segja kokkaranir, hnífsodd af þessu og dass af hinu? Svo má ekki gleyma klípu.

En ég hef mest gaman af því að prófa mig áfram með villibráð og núna er skotveiðitímabilið í hámarki svo ég ætla að reyna setja eithvað saman fyrir ykkur.

### Grafin gæsabringa

4 gæsabringur
2 msk. sinnepsfræ
2 msk. basilíka
1 msk. oregano
2 msk.timian
2 msk.rósmarin
1 msk. salt
2 msk. sykur
2 msk. dill
2 msk. mulinn rósapipar
Vel af grófu salti

Hreinsa bringurnar vel og setja í eldfast mót sem þið botnfyllið af grófu salti.

Raðið bringunum á saltið og þekjið þær svo vel með meira salti og setjið í ísskáp í tvo tíma. Því næst eru þær skolaðar vel með vatni og þerraðar. Kryddunum er blandað saman í skál og bringunum velt upp úr blöndunni. Því næst er bringunum pakkað vandlega inn í plastfilmu og þær svo geymdar í ísskáp í tvo daga.

Best er að taka smá af kryddinu af áður en þær eru skornar í mjög þunnar sneiðar.

Gott að bera fram með kexi, osti og berjasultu eða piparrótarsósu.

### Hreindýrabollur í villisveppasósu

1 kg hreindýrahakk
1 laukur
1 skarlottulaukur, fínsaxaður
1 hvítmygluost, ég nota oft camenbert
1 bréf beikon, skorið í litla bita
2 egg
1 pakka beikonkex
Salt og pipar og villibráðakrydd, bara dass

Blandið öllu saman og gerið frekar litlar bollur, kannski um 3 cm í þvermál.

Steikið þær á pönnu upp úr smjöri og brúnið vel, setjið svo í eldfast mót og inn í ofn í 15 mín. á 180 gráðu hita.

### Þá er það sósan

1 pakki Flúðasveppir
hálfur poki þurrkaðir villisveppir
Slatti af smjöri
Villibráðakraftur
Vatn
Sósujafnari
Rifsberjasulta
Koníak
½ ltr rjómi
Salt og pipar

Takið villisveppina, setjið í skál og skolið aðeins upp úr köldu vatni, hellið þar næst öllu vatninu af áður en þið hellið góðum slurk af koníaki yfir sveppina svo þeir séu vel baðaðir og látið standa í klukkustund.

Þá er einmitt smá tími líka til að smakka koníakið, það þarf alltaf að sjá hvort það sé ekki alveg í lagi.

Skerið Flúðasveppina niður í frekar þykka bita og setjið á pönnu með miklu smjöri.

Skerið villisveppina smátt og setjið með hinum á pönnuna.

Þegar sveppirnir eru orðnir vel brúnaðir má fara svolítið af koníakinu sem var á sveppunum á pönnuna.

Því næst dass af villibráðakrafti og smá vatn, eins og einn bolla. Ég nota líka stundum hálfan tening af nautakrafti með. Þar á eftir fer hálfur líter af rjóma, salt og pipar og smakkað til, þykkja með sósujafnara.

Svo er gott að setja smá rifsberjasultu út í sósuna, eftir smekk og mér finnst alltaf koma best út að hella smá sósulit útí.

Þegar sósan er til þá set eg bollurnar útí og leyfi þessu að malla smá.

Með þessu finnst mér best að hafa soðnar kartöflur, rauðkál, sultu og ora grænar. Það bara getur ekki klikkað.

Ég vil að lokum tilnefna vin minn Inga Þór Jónsson, sem stundum er kallaður tenorinn í eldhúsinu, sem næsta matgæðing vikunar. Hann verður ekki í vandræðum með koma með einhverjar kræsingar.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.*

**GG TRÉ**
BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

**Við byggjum 28 geymslur/iðnaðarbil að Breiðumýri 3 á Selfossi**

**Stærð 68,5 fm**

**Verð 21,5 m.kr.**

**Afhendist fullbúið í jan/feb 2023**

**S: 893 4609**
**haukur@ggtre.is**
**www.ggtre.is**

ÁRBORGIR FASTEIGNASALA

HÚS Fasteignasala



# LÍFLAND OPNAR VERSLUN Á SELFOSSI






**Búrekstrarvörur - Hestavörur - Gæludýravörur - Fóður - Útivistarvörur**

## Opnunarhátíð

*Laugardaginn 1. október frá kl. 12-15*

**Fjöldi spennandi opnunartilboða!**

**Hlökkum til að sjá ykkur!**

**Lífland Selfossi**
Austurvegur 69 - sími 540 1165
selfoss@lifland.is - www.lifland.is
Opið mán-fös. 9-18 og lau. 10-14

LÍFLAND

**Flóaskóli auglýsir eftir stuðningsfulltrúum**

Flóaskóli

Flóaskóli er heildstæður grunnskóli með 114 nemendur. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í um 20 mín. akstursfjarlægð frá Selfossi.

Um er að ræða stuðningsfulltrúa í stuðning við nemendur í skólastarfinu og í Frístund – lengda viðveru eftir skóla.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi, æskilegt að hafa lokið námi stuðningsfulltrúa
- Hæfni í samvinnu og mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 10. október 2022.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri í síma 771-8342. Umsókn ásamt sakavottorði sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is

**Ný störf auglýst í hverri viku!**

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

www.dfs.is/atvinna/

**Bókaspjall á Kjarr restaurant Kirkjubæjarklaustri Sunnudaginn 2. október 2022 frá kl 14 - 16.**

Þrír höfundar nýrra bóka lesa úr bókum sínum og spjalla um efni þeirra,

Bók Jóns Hjartarsonar er ljóðabók; Líf með sjó og landi. Nokkur ljóðanna fjalla um líf og starf Jóns þegar hann var skólastjóri á Kirkjubæjarklaustri.

Bók Jóns Kristins Einarssonar er um Sr. Jón Steingrímsson og Skaftáreldana. Þar koma fram nýjar heimildir um úthlutun styrkja eftir hörmungarnar.

Lilja Magnúsdóttir les úr fjölskyldubók sinni; Gaddavír og gotterí sem segir frá leikjum og lífi barna í sveit fyrir nokkrum áratugum þegar var enginn leikskóli og enginn skjár var til á heimilinu.

**Bækur verða seldar og áritaðar.**
**Frítt kaffi, kruðerí og gotterí. Allir velkomnir.**




# Ekki lengur útskúfuð úr samfélaginu okkar

Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá því að nýtt enskumælandi ráð hefði fundað í fyrsta sinn í Mýrdalshreppi. Formaður ráðsins segir að nú sé kominn vettvangur fyrir erlenda íbúa sveitarfélagsins til að koma sínum sjónarmiðum og hugmyndum áfram, en um 50 prósent íbúa svæðisins eru af erlendu bergi brotnir.

„Fyrir kosningarnar í ár var mikið rætt um að útlendingar í samfélaginu væru smá útskúfaðir úr pólitíkinni hérna í Vík. Þannig að við lögðum til að enskumælandi ráð væri stofnað fyrir okkur til þess að koma meira að samfélaginu og í dag var fyrsti fundurinn haldinn,“ segir Tomasz Chocholowicz, formaður nefndarinnar eftir fundinn.

Samkvæmt Tomaszi er ráðið skipað fólki af ýmsum þjóðernum. Sjálfur er Tomasz frá Póllandi en meðal annars er fólk frá Spáni, Þýskalandi, Slóvakíu og Filippseyjum innan ráðsins.

„Núna líður okkur ekki eins og við séum útskúfuð úr samfélaginu okkar. Það mætti segja að þessi nefnd sé brú á milli erlendra og innlendra íbúa í Vík,“ segir Tomasz.

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps og starfsmaður ráðsins sagðist í samtali við Fréttablaðið vera í skýjunum með fundinn og taldi hann að það hefði ríkt almenn ánægja hjá öllum sem fundinn sátu. „Mér fannst mikilvægt að þessi hópur fengi rödd og fengi meira um hlutina að segja, sem er mjög eðlileg krafa og hollt fyrir okkur ef við ætlum að hafa sjálfbært samfélag hérna á Vík. Þá þýðir ekki að einn hópur sé hálf afskiptur,“ segir Einar að lokum.



# Komdu nú með....

Þau hjá Leikfélagi Hveragerðis frumsýndu nú um helgina hið stórkostlega barna- og fjölskylduleikrit Benedikt búálf eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson. Leikstjórinn að þessu sinni var enginn annar en Gunnar Gunnsteinsson sem leikstýrði og framleiddi upprunalegu sýninguna sem sýnd var í Loftkastalanum fyrir nákvæmlega 20 árum síðan.

Það má með sanni segja að öllu hafi verið tjaldað til í þessari snilldar uppfærslu í litla leikhúsinu við Austurmörk. Fyrir fullu húsi fengu gestir að upplifa undraveröld Álfheima með metnaðarfullum dans- og söngatriðum þar sem hver einn og einasti leikari og starfsmaður flutti söguna með fagmennsku og glæsibrag.

“Ég er þess heiðurs aðnjótandi að leika Benedikt búálf og get ég óhikandi sagt að þetta sé það mest krefjandi hlutverk sem ég hef fengið á mínum leikaraferli, bæði sem áhuga- og atvinnuleikari. Mín upplifun á verkinu til framtíðar er einstaklega góð og björt þar sem að þessi fallega og faglega Álfheimafjölskylda er svo samheldin og samstillt í að gera allar sýningar að þeirri bestu og munum við segja ykkur þessa fallegu sögu eins lengi og mögulegt er. Lífið er leiklist og fyllist hjarta manns svo miklu þakklæti þegar maður sér gleðina glitra í andlitum gesta eftir sýningar og þá sértaklega yngstu gestanna. Framtíðin er einstaklega björt hjá Leikfélagi Hveragerðis á þessu 75. afmælisári, sem sleitulaust hefur sett upp sýningar frá stofnun félagsins,“ segir Hafsteinn Thor, aðalleikari sýningarinnar.

*Álfheimafjölskyldan í Hveragerði hvetur Sunnlendinga til að heimsækja sig... Inn í álfanna heim!*







# Yrði það ekki dásamlegt...

Rithöfundurinn Anna Lísa Björnsdóttir ólst upp á Suðurnesjum, býr á Selfossi en á rætur sínar að rekja til Skaftafells. Anna Lísa ætlar að kynna nýútgefna skáldsögu sína, Yrði það ekki dásamlegt..., í Bókasafni Árnesinga á Selfossi klukkan 11:00 þann 1. október næstkomandi.

Yrði það ekki dásamlegt... er fyrsta skáldsaga Yager meðferðarkennarans Önnu Lísu Björnsdóttur. Við útfáfu bókarinnar rætist gamall draumur vinar hennar og lærifóður, dr. Edwins K. Yager heitins um sögu sem fjallaði á einstakan hátt um vitundina og bæri titilinn Wouldn´t it be wonderful...

Bókin fjallar um Sögu Hugadóttur barnabókarithöfund sem leitar að meintum kraftarverkamanni sem enginn kannast við. Nostalgía og notalegheit ásamt uppgjöri við dauðann og gamla drauga varða leið hennar að uppgötvun sem hana óraði ekki fyrir.



VÍS

# Þjónustuskrifstofan okkar verður lokuð á föstudaginn og mánudaginn

Vegna árshátíðar okkar verður þjónustuskrifstofan lokuð föstudaginn 30. september og mánudaginn 3. október.

Í neyðartilfellum bendum við á síma **560 5000** og **netspjallið á vis.is** en við vekjum athygli á að þjónustan er skert.

Greinagóðar upplýsingar og leiðbeiningar má finna á **vis.is** og þar má einnig tilkynna **öll tjón**.

Við biðjumst innilega velvirðingar á óþægindum sem þetta kann að hafa í för með sér.

**Með bestu kveðju,**
starfsfólk VÍS



Sjálfstæðisfélagið Óðinn og fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Árborg

halda aðalfundi sína fimmtudaginn 6. október nk. kl. 20:00 í Suðursal Hótel Selfoss

Dagskrá fundarins:

1. Aðalfundarstörf Óðins
2. Aðalfundarstörf fulltrúaráðs
3. Önnur mál

Allir félagsmenn velkomnir
Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Sveitarfélaginu Árborg
Stjórn Sjálfstæðisfélagsins Óðins

Laust starf kennara í ensku Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir eftir 80% stöðu enskukennara til áramóta.
Möguleiki á kennslu á vorönn 2023. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Tekur þátt í faglegu samstarfi.
- Mikil áhersla er lögð á þétt og mikið samstarf meðal kennara.
- Situr kennarafundi og vinnur önnur störf sem honum eru falin og samrýmast gildandi kjarasamningum, lögum og reglugerðum.

Hæfnikröfur
- Háskólamenntun í ensku.
- Leyfisbréf sem veitir rétt til að nota starfsheitið kennari sbr. lög nr. 95/2019.
- Kennslureynsla í ensku æskileg.
- Mjög góð hæfni í samskiptum og ríkur samstarfsvilji.

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert.
Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi, afriti af prófskírteinum og leyfisbréfi kennara.
Tilgreina skal meðmælendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.
Umsókn skal senda á skolameistari@fsu.is
Umsóknarfrestur er til og með þriðjudagsins 4. október 2022.

Nánari upplýsingar veitir:
Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari
skolameistari@fsu.is, 699 2125.
Á www.fsu.is er að finna allar helstu upplýsingar um skólann.

*Skólameistari*

FSU

# Haustgildi er komið til að vera

Haustgildi, menning er matarkista, var haldin helgina 10. - 11.9. Á Stokkseyri í annað sinn. Að þessu sinni var miðja hátíðarinnar í Hafnargötunni á Stokkseyri.

Fleiri aðilar tóku þátt í þetta sinn og fleiri viðburðir bættust við. “Þar ber helst að nefna kannski að Sólheimar voru með og tóku með sér alla sína reynslu og mikið vöruúrval og það er mikill fengur að hafa þau með okkur á hátíðinni. Sápufólkið komu líka með vörur unnar úr hreindýrafitu sem lagðist svo vel í gesti að Sápufólkið kláruði allar þær vörur sem þau komu með, segir Pétur Már Guðmundsson, einn af skipuleggendum Haustgildis.





## Ljóðalestur þegar orðinn fastur liður á hátíðinni

Upplestrar voru á Brimrót báða dagana. „Á laugardag voru þau Harpa Rún Kristjánsdóttir og Pedro Gunnlaugur Garcia sem lásu úr sínum verkum og Jón Hjartarsson og Draumey Aradóttir lásu svo upp úr nýútkomnum ljóðabókum sínum á sunnudeginum. Frábært að fá þessa höfunda í heimsókn og þetta er þegar orðinn fastur liður á Haustgildi.“

„Dagskrá laugardagsins lauk líka með tónleikum Eyjólfs Eyjólfssonar og Luke Starkey í Stokkseyrarkirkju sem voru einstaklega vel heppnaðir en fyrr um daginn hafði Júlíus Óttar leikið á tónleikum á Brimrót af sinni alkunnu snilld. Þessi tónleikaatriði og sérstaklega í Stokkseyrarkirkju eru vonandi komin til að vera. Það var einkar ljúft að ljúka deginum með tónleikum í Stokkseyrarkirkju. Ölvisholt, Korngrís, Tariello og Arabær tóku þátt að nýju og runnu veigarnar sem fyrr vel ofan í hátíðargesti. Öll gallerí á Stokkseyri tóku líka þátt og nutu gestir þess vel, sem og aðstandendur.“



## Þetta getur bara batnað

„Undirbúningur er þegar hafin að Haustgildi næsta árs enda er óhætt að segja nú að viðburðurinn sé kominn til að vera og er það afar gleðilegt. Breytingar og fyrirkomulag á Haustgildi 2023 verður kynnt með góðum fyrirvara. Leiðarstef fyrir næsta ár verður náttúrulega meira samstarf og að fá fleiri með á hátíðina, njóta uppskeru og fagna haustinu með okkur á Stokkseyri,“ segir Pétur að lokum.



# Lífland opnar verslun á Selfossi

Lífland lýkur upp dyrum að nýrri verslun á Selfossi í björtum og rúmgóðum húsakynnum að Austurvegi 69 í þessari viku. Í tilefni opnunarinnar verður slegin upp opnunarhátíð laugardaginn 1. október fyrir gesti og gangandi sem vilja fagna með okkur.

Í boði verða glæsileg opnunartilboð og glaðningur fyrir börn. Þá verður boðið upp á grillaðar pylsur, flatkökur, kaffi og köku frá kl. 12-15, auk þess sem Karlakór Hreppamanna stígur á stokk og tekur nokkur lög að sunnlenskum sveitasið. Að auki verður einn heppinn vinningshafi dreginn úr „Lífland á Selfossi“ hópnum á Facebook sem vinnur 25.000 króna úttekt í versluninni.

„Við bindum vonir við að nærumhverfið taki nýrri verslun Líflands fagnandi og hlökkum til að taka á móti sem flestum á opnunarhátíðinni,“ segir Stella Björg Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Líflandi.

Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval af búrekstrar- og landbúnaðarvöru svo sem áhöldum, hreinlætisvörum, fóðri og bætiefnum. Hjá Líflandi er einnig breitt úrval af girðingarefnum, meindýravörnum, gæludýravöru, útivistarfatnaði og allt til hestamennsku svo sem reiðfatnaður, skeifur, fóður, reiðtygi og undirburður.

Verslunarstjóri á Selfossi verður Guðbjörg Jónsdóttir sem er mörgum sunnlenskum bændum kunn. Hún er fyrrverandi kúabóndi sem hefur meðal annars unnið að félagsmálum bænda í gegnum árin. Með henni verða Sjöfn Finnsdóttir og Guðrún Margrét Valsteinsdóttir sem báðar eru nýlega fluttar í Flóann.

Með nýju versluninni verða verslanir Líflands alls sex talsins, en fyrir eru verslanir á Akureyri, Blönduósi, Borgarnesi, Reykjavík og Hvolsvelli sem er ætlað að bæta þjónustu í heimabyggð við bændur og aðra íbúa eða ferðamenn á svæðinu.





# Nettó störf

**Nettó Selfossi** leitar að starfsfólki í almenn verslunarstörf. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastörf. Störfin krefjast þess að starfsfólk vinni sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar og geti forgangsraðað verkefnum og sýnt frumkvæði. Nettó er skemmtilegur og líflegur vinnustaður og henta störfin öllum einstaklingum af öllum kynjum.

## Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Áfyllingar á vörum
- Afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavini
- Framstillingar

## Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Sjálfstæði
- Snyrtimennska
- Skipulögð vinnubrögð

## Fríðindi

- Heilsustyrkur til starfsmanna í boði
- Afsláttarkjör í verslunum Samkaupa
- Velferðaþjónusta til starfsmanna í boði

**Samkaup hf.** hefur hlotið titilinn Menntafyrirtæki atvinnulífsins 2022 og einnig jafnlaunavottun Jafnréttisstofu. **Samkaup hf.** rekur yfir 60 verslanir víðsvegar um landið, þær spanna allt frá lágvöruverðsverslunum til þægindaverslana. Helstu verslunarmerki Samkaupa eru: Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin, Iceland og Samkaup strax. Hjá félaginu starfa um 1.400 starfsmenn í rúmlega 700 stöðugildum. **Samkaup státar af öflugri jafnréttisstefnu** sem nær ekki einungis til jafnréttis kynjanna heldur beinist einnig að hinsegin starfsfólki, erlendu starfsfólki og starfsfólki með skerta starfsgetu. Jafnréttisstefnan kallast **Jafnrétti fyrir alla – Samkaup alla leið!** og er stefna sem er unnið markvisst eftir á öllum starfsstöðvum Samkaupa.

nettó

Allar nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri, **patrik@netto.is**.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA



Kæru Sunnlendingar
Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.
**Föstudaginn 7. október.**
Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu

ReSound
rediscover hearing

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, heyrn@heyrn.is

Tímapantanir - 534 9600

Nánari upplýsingar
www.heyrn.is



ULLARVIKAN
South Iceland 2022
WOOL WEEK
2.-9. október

DAGSKRÁ ULLARVIKUNNAR 2022

**Laugardagur 1.október**
13:00-16:00 | Hella: **Dagur Sauðkindarinnar**

**Sunnudagur 2.október**
14:00-16:00 | Árbæjarhjáleiga: **LITASÝNING**
Fjárræktarfélagið „Litur"

**Mánudagur 3.október**
11:00-15:00 | Uppspuni: **Tröllabandsprjón**
hægt að koma og læra að prjóna sessur úr tröllabandi með tröllaprjónum.

**Þriðjudagur 4.október**
11:00-15:00 | Uppspuni: **Litunardagur**
handlitun í potti til sýnis.

**Miðvikudagur 5.október**
15:00-18:00 | Uppspuni: **Víkingastemmning**
víkingar sýna handverk og bjóða uppá ketilkaffi.

**Fimmtudagur 6.október**
14:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús,** opnun á sýningunni: **„Sýnishornið".**

19:30-20:30 | Fél. Þingborg: **Fyrirlestur um peysuprjón** - Guðrún Hildur Rosenkjær (Annríki)
20:30-22:00 | Fél. Þingborg: **Prjóna og spunakvöld**

**Föstudagur 7.október**
10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**
11:00-15:00 | Uppspuni: **Opið hús** í verksmiðjunni
12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá níu Spunasystrum** (sjá ★ á korti fyrir staðsetningar)
opið til 21.00 á ★ Þykkvabæjarklaustri.
19:30-22:00 | Hespa: **Prjóna- og spunakvöld**
velkomið að mæta með vín.

**Laugardagur 8.október**
10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**
12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá níu Spunasystrum** (sjá ★ á korti)
11:00-15:00 | Uppspuni: **Rúningur & opið fjárhús**
hægt að velja reyfi til þess að láta spinna band
16:00-18:00 | Hespa: **Opinn fyrirlestur & kynningu á „Indigó -blái liturinn".**

**Sunnudagur 9.október**
10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Markaður, Prjónakaffihús, matarvagnar.**

www.ullarvikan.is




opnar vinnustofur
garnbúðir & prjónakaffi
litasýning & rúningur

Þingborg Spunasystur Uppspuni FELDFÉ HESPA

# Hella- og jöklabíó RIFF



Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF fer af stað í nítjánda skiptið í október. Hátíðin hefur skipað sér á bás sem ein eftirsóttasta kvikmyndahátíð Norðurlanda en meginhlutverk hátíðarinnar er að tryggja víðtækt úrval af hágæða, óháðri kvikmyndaframleiðslu með áherslu á unga kvikmyndagerðarmenn. Hinar árlegu sérsýningar RIFF, sem haldnar eru á óvenjulegum stöðum, gefa áhorfendum tækifæri til að njóta kvikmyndamenningar í aðstæðum sem magnar áhrif myndanna sem sýndar eru í hvert skipti og í ár stendur til að nýta hið sérstæða jarðfræðilega umhverfi Íslands til hins ítrasta.

**Hellabíó – Raufarhólshellir**

Hryllingsmyndin Niðurleiðin, The Descent, í leikstjórn Neil Marshall, verður sýnd í Raufarhólshelli á RIFF 2022, þann 1. október klukkan 18:15 og aftur klukkan 20.15

Fyrr um daginn, klukkan 16:30 verður einnig boðið upp á fjölskyldubíó í Raufarhólshelli þar sem öll fjölskyldan getur notið saman sýningar á teiknimyndinni Eyjan hans Múmínpabba.

**Jöklabíó - Langjökull**

Heimildamyndin Inn í jökulinn, Into The Ice, í leikstjórn hins danska Lars Ostenfeld verður sýnd í íshellinum í Langjökli þann 4. október.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sýningarnar og hátíðina í heild á riff.is.







*Aðstandendadagur 9. okt. 2022*
*fyrir Ljósheima og Fossheima kl. 14:00.*

Njótum þess að hittast á ný og hafa gaman saman. Dagskrá í léttum dúr og veitingar í boði stjórnar Vinafélagsins.

Komið og eigið notalega stund með aðstandendum, vinum, starfsmönnum og félögum í Vinafélaginu.

**Stjórn vinafélags Ljósheima og Fossheima**

# Glæsilegt nýtt hjúkrunarheimili við Árveg á Selfossi
















## ORGELKRAKKAHÁTÍÐ

verður haldin í Selfosskirkju sunnudaginn 2. október með fjölskylduguðsþjónustu kl. 11

Barnakór Selfosskirkju syngur. Guðný Einarsdóttir og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir organistar heimsækja okkur og spila fræg orgelverk og júróvisionslagara. Hver veit nema það verði fleiri óvæntir gestir?

Kl. 12:30 og 13:30 verður orgelkrakkavinnu-smiðja í safnaðarheimilinu þar sem börnin fá að setja saman lítið pípuorgel frá grunni og leika á það í lok stundarinnar.

Nánari upplýsingar á facebook.com/orgelkrakkar og á facebooksíðu Selfosskirkju.




HÁTÍÐ Í SELFOSSKIRKJU 2. OKTÓBER

FJÖLSKYLDUGUÐSÞJÓNUSTA KL. 11
FRÆG ORGELVERK, EUROVISIONSLAGARAR OG ÓVÆNTIR GESTIR!

ORGELKRAKKA - VINNUSMIÐJA KL. 12:30 & 13:30 - SMÍÐUM LÍTIÐ ORGEL!

Verið öll hjartanlega velkomin!

Skráning og nánari upplýsingar á facebook.com/orgelkrakkar



## ÚTBOÐ

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

**Grænamörk og Austurmörk, færsla gatnamóta.**

Verklok eru 15. maí 2023
Verkið er gerð breytinga á gatnamótum Grænumarkar og Austurmarkar.
Verktaki skal jarðvegsskipta samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag, burðarlag, malbika götur, og stíga ásamt því að steypa kantstein og helluleggja hraðahindrun. Verktaki skal einnig leggja regnvatnslagnir og færa ljósastaura.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 1100 m³ |
| Styrktarlag og fylling í lagnaskurði | 2400 m³ |
| Fráveitulagnir | 86 m |
| Malbik | 1370 m² |
| Hellulögn | 108 m² |

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með þriðjudeginum 27. september 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Eggert hjá EFLU á Suðurlandi með tölvupósti, á netfangið bardur.arnason@efla.is, og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang, og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.
Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 11:00 þann 11. október 2022, og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA



## Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 22. september eftirtalda skipulagstillögu til auglýsingar, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

**Deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt land 7**
Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina Gljúfurárholt land 7 í Ölfusi. Skipulagið gerir ráð fyrir að byggð verði ein hæð með nýrri íbúð ofan á húsið sem fyrir er á lóðinni. Deiliskipulagið er í samræmi við heimildir fyrir uppbyggingu sem nýtt aðalskipulag, sem er í vinnslu, gerir ráð fyrir í dreifbýli.
Deiliskipulagstillaga Gljúfurárholt land 7

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 28. september til 9. október til 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok dags þann 9. október 2022.

**Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Ölfuss**
Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss var samþykkt eftir auglýsingu í bæjarstjórn Ölfuss þann 22. september og er hér niðurstaða sveitarstjórnar auglýst í samræmi við 2. málsgrein 32. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Gerðar hafa verið lagfæringar á tillögunni, eftir því sem við á, í samræmi við þær ábendingar/athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss




# Auga Solanders á Breiðamerkursandi

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Pär Ahlberger, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, opnuðu í síðustu viku rannsóknastöðina Auga Solanders (Solander‘s eye) sem staðsett er á Breiðamerkursandi og mun safna fjölbreyttum upplýsingum um þær breytingar sem verða smám saman á landsvæði sem er nýkomið undan jökli. Rannsóknastöðin er þverfræðilegt verkefni á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði í samvinnu við vísindamenn innan og utan háskólans.

Sænska sendiráðiðið hafði frumkvæði að verkefninu með því að tengja Háskóla Íslands og evrópsku rannsóknarstofnunina The IK Foundation saman en um þessar mundir eru 250 ár liðin síðan Daniel Solander, sænskur náttúrufræðingur og nemandi Carls Linnaeusar, föður flokkunarfræðinnar, kom til Íslands í leiðangri breska náttúrufræðingsins Josephs Banks. Uppsetning rannsóknastöðvarinnar er liður í fjölbreyttum hátíðahöldum sem sendiráðið hefur skipulagt til að minnast þessarar merku ferðar.

## Fylgjast m.a. með framvindu gróðurs og dýralífi á svæðinu

Rannsóknarstöðin er sjálfvirk og mun sinna verkefni sínu í 12 mánuði án aðkomu manna. Hún mun safna miklu magni vísindagagna af ólíkum toga frá Breiðamerkursandi, á landsvæði sem hefur nýlega komið undan jökli og er því í mikilli þróun. Svæðið er víðerni, einangrað frá náttúrunnar hendi og áhrif mannsins þar hverfandi. Staðsetning Auga Solanders býður því upp á framúrskarandi aðstæður til að fylgjast grannt með náttúrlegum ferlum úr fjarlægð án þess að hafa teljandi áhrif á virkni þeirra. Rannsóknasvæðið er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og þar með einnig á Heimsminjaskrá Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Auk fjölbreyttra mælitækja sem skrá og vakta ýmsa náttúrufarsþætti inniheldur stöðin myndavélar og hljóðupptökutæki sem gefa m.a. færi á að fylgjast með framvindu gróðurs og dýralífi á svæðinu.



*Sérfræðingar IK Foundation að störfum við uppsetningu rannsóknastöðvarinnar Auga Solanders. Hún lætur ekki mikið yfir sér en er geysiöflug. Mynd: Þorvarður Árnason.*

Gögnum sem safnað verður munu veita dýrmæta innsýn inn í þær miklu breytingar sem eru að verða á Breiðamerkursandi í kjölfar hraðrar hopunar Breiðamerkurjökuls. Þau verða gerð aðgengileg öllum áhugasömum og hluti þeirra, ekki síst myndefni, verður aðgengilegur í beinu streymi á vef háskólans. Háskóli Íslands mun hvetja vísindamenn til að nýta gögnin en jafnframt mynda þau grunn að virkri, þverfaglegri vísindamiðlun á þeim breytingum sem eru að verða á jöklum landsins.

Kjarni vísindahópsins innan Háskóla Íslands samanstendur af Benjamin Hennig, prófessor í landfræði, Finni Pálssyni, verkfræðingi og verkefnisstjóra í jöklafræði, Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur, prófessor í vistfræði, Kieran Baxter, nýdoktor við Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði, og Þorvarði Árnasyni, forstöðumanni rannsóknasetursins.

Verkefnið verður jafnframt unnið í samstarfi við fyrrnefnda IK Foundation, Jöklahóp Háskóla Íslands, Náttúrustofu Suðausturlands, Vatnajökulsþjóðgarð og Veðurstofu Íslands auk ýmissa sérfræðinga hjá Háskóla Íslands og öðrum stofnunum.

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

**Menningarverkefni**

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

**Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni**

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á *www.sass.is*

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
**ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER, KL. 16:00**

**RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND**
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.
STYRKIR@SASS.IS S. 480-8200 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af
SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS
SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# íþróttir

## Enn ein rósin í hnappagat Hamarsmanna

**BLAK** Karlalið Hamars í blaki vann sl. sunnudag enn einn titilinn þegar liðið varð meistari meistaranna eftir 3-0 sigur á KA.

Hamarsmenn voru aðeins seinir í gang í byrjun leiks. Þeir náðu sér svo á strik og unnu hrinurnar 25-22, 25-19 og 25-22 eftir smá hikst í þriðju hrinunni.

Áttundi titillinn af átta mögulegum frá því liðið hóf keppni meðal þeirra bestu er því kominn í hús.

Nýju leikmennirnir, uppspilarinn Hubert Lasecki og kantspilarinn Marcin Grasza spiluðu sinn fyrsta leik fyrir Hamar ásamt spilandi þjálfaranum Tamas Kaposi og áttu þeir fínan dag á vellinum þrátt fyrir takmarkaðan undirbúningstíma.

Aðspurðir, voru aðstandendur félagsins á heildina litið sáttir með frammistöðu sinna manna.



*Hamarsmenn fagna í leikslok. Mynd: Hamar*

Þrátt fyrir að liðið hafi ekki æft lengi saman með núverandi leikmannahóp virtist liðið vel stemmt og tilbúið til að takast á við veturinn og eigi mikið inni.

*Hamar*



## Glæstur sigur í síðasta heimaleiknum!

**FÓTBOLTI** Selfoss vann frábæran sigur á Breiðablik þegar liðin mættust í næst síðustu umferð Bestu deildarinnar. Blikar eru í harðri baráttu um 2. sæti deildarinnar og máttu síst við því að misstíga sig á Selfossi.

Selfyssingar náðu forystunni eftir hálftíma leik þegar Miranda Nild stangaði boltann í netið af stuttu færi eftir magnaða fyrirgjöf Bergrósar Ásgeirsdóttur. Blikar ógnuðu marki Selfyssinga líttilega það sem eftir lifði fyrri hálfleiks. 1-0 í hálfleik.

Bergrós var aftur á ferðinni um miðbik síðari hálfleiks. Brenna Lovera slapp ein inn fyrirvörn Blika, lét vaða á markið en skotið varið, boltinn barst á Bergrósu sem setti hann í autt markið með hnitmiðuðu skoti. Jafnræði var með liðunum það sem eftir lifði leiks og ekki fleiri mörk litu dagsins ljós.

2-0 sigur staðreynd og liðið komið með 28 stig, þremur stigum fleiri en í fyrra þegar einn leikur er eftir í deildinni. Lokaleikurinn er gegn Val þann 1. október kl. 14:00 að Hlíðarenda.

*UMFS*

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun




Vertu hjartanlega velkomin

Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FÉLAGSSTÖRF

**SKRIFSTOFA FEBSEL**
er opin á fimmtudögum kl. 13.

**OPIÐ HÚS**
fim. 29. sept. kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti 1.500 kr.
Molakaffi 200 kr.

**GLERLIST**
Þri.- og fimmtudaga kl. 9:00.

**TÁLGAÐ Í TRÉ**
Þriðjudaga kl. 13:00.

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**
**S. 662 1122**
**Daglegar ferðir**
**SELFOSS - REYKJAVÍK SUÐURLAND**

**ICECOOL**
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddý ehf.**
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
**Bókhald - ráðgjöf skattskil**
**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**
**Persónuleg þjónusta**

**Þarftu snyrtingu fyrir hundinn þinn?**
Ég var að opna stofu í Urriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is



***Orkugerðin***
**BÆNDUR ATHUGIÐ!**
Eigum ennþá kjötmjöl til áburðar á tún í vetur.
Fyrir nánari upplýsingar:
Sími 575 6029 / alexander@ss.is

## KIRKJUR

**Selfosskirkja**
Fjölskylduguðsþjónusta verður í Selfosskirkju kl. 11 og eru allir hjartanlega velkomnir. Prestur. Sr. Axel Njarðvík. Um leið er skemmtileg orgelkrakkahátíð haldin og eru börn, smá sem stór, sérstaklega velkomin.

**Hveragerðiskirkja**
Messa kl.11. Kirkjukórinn syngur, organisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

## BÍLAR

**AB SKÁLINN**
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
**Yfirbyggingar - Réttingar**
**Bílamálun - Rúðuskipti**

**Kléttur ehf**
**Bifreiðaverkstæði**
**Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi**
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

## FUNDIR

**Vöfflukaffi**
Hið vikulega Vöfflukaffi byrjar aftur 1. október á Eyravegi 15 milli kl. 11 og 12.

## ÞJÓNUSTA

**HREINSUN Á LEIÐUM**
Alhliðaþjónusta á legsteinum og leiðum í kirkjugörðum.
**Upplýsingar í síma 862 1311 eða hreinsunaleidum @gmail.com**

## HEILSA

***Nudd – Svæðanudd***
***Dáleiðsla***
***Augnlestur og heilsuráðgjöf***
***Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum***
*Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.*
**Heiðar Ragnarsson**
**Sími 898 1501**

# Guðmundur Ingi Guðjónsson 80 ára


*Guðmundur og séra Gunnar.*

Kvöldmessa var í Eyrarbakkakirkju sunnudaginn 25. september 2022. Prestur var séra Gunnar Jóhannesson og meðhjálpari er Guðmundur Ingi Guðjónsson. Hann hefur verið í sóknarnefnd Eyrarbakkakirkju frá árinu 1976 og meðhjálpari frá árinu 1995. Guðmundur Ingi varð 80 ára þann – 24. september 2022.

Kirkjuráð Hrútavinafélagsins Örvars var við messuna í Eyrarbakkakirkju sunnudagskvöld og færði meðhjálparanum Guðmund Inga Guðjónsson til afmælismyndar með séra Gunnari Jóhannessyni.

# Sjóðurinn góði leitar eftir stuðningi



Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, deilda Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin.

Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar sem vilja styrkja Sjóðinn góða geta lagt inn á bankareikning 325-13-301169, kt.560269-2269.

Starfshópur sjóðsins góða þakkar öllum sem styrkt hafa sjóðinn á undanförnum árum.

**HÖRPUKÓRINN**
*Kór eldri borgara á Selfossi*



**Byrjar 5. okt. Æft á miðvikudögum kl. 16-18 í Grænumörk 5.**

Getum bætt við okkur í allar raddir.
Vel tekið á móti nýjum félögum

Góður félagsskapur.
Hlökkum til að sjá ný andlit.

*Stjórnin, kórfélagar og stjórnandi kórsins*



***Þriðjudagssamvera í Selfosskirkju***

**Verið velkomin til þriðjudagssamveru í Selfosskirkju þann 4. október kl. 14:00-15:30**

Um er að ræða heimilislega og óformlega samveru með léttu og góðu yfirbragði, söng, spjalli og rjúkandi heitu kaffi og konfekti.

Gestur samverunnar að þessu sinni verður Helga R. Einarsdóttir garðyrkjukona og fv. skólaliði og mun hún segja okkur frá einhverju af vettvangi dagsins frá sínum bæjardyrum séð.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

# Sýning í Listasafni Árnesinga vekur athygli utan landsteina

Sýning Gary Hill, Summa & Sundrung opnaði um miðjan septembermánuð í Listasafni Árnesinga og kom fjöldi fólks til að bera hana augum.

Gary er heimsþekktur listamaður og hefur aldrei sýnt verk sín áður á Íslandi, þykir það því mikill heiður að hann sé að sýna í Listasafni Árnesinga. Starfsmenn listasafnsins finna fyrir miklum áhuga á sýningunni, bæði innanlands sem og utan og áætla þau að fjöldi gesta muni koma til landsins á næstu misserum vegna sýningarinnar.

Sýningin ferðast svo áfram til Tékklands, Ungverjalands, Póllands og endar í Bandaríkjunum árið 2025



*Gary Hill leiddi gesti safnsins um sýninguna.*

Sýningin verður opin til 18 desemeber, opið er alla daga nema mánudaga frá 12-17 og frítt inn.



*Myndin er af sýningarstjórunum Halldóri Birni Runólfssyni, Jennifer Helia DeFelice og Kristínu Scheving með einum af listamönnunum Gary Hill og öðrum gestum á opnuninni.*



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

1. **Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2208025**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. september 2022 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Lækjarholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

2. **Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Íbúðasvæði; Arnarstaðakot-Skálmholt; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting – 2110027**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. júní 2022 að auglýsa tillögu breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Í henni felst breyting á skilmálum aðalskipulags á þann hátt að heimiluð verði ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði.

3. **Laugarás; Aðalskipulagsbreyting – 2110095**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu að breytingu sem tekur til aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin tekur til þéttbýlisins í Laugarási og frístundabyggðar sem liggur að þéttbýlinu. Gert er grein fyrir helstu breytingum innan greinargerðar skipulagsbreytingar.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

4. **Giljatunga 34 L213513; Ásgarðsland; Deiliskipulagsbreyting – 2208034**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2022 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi sem tekur til sumarhúsasvæðis í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að heimilað verði að byggja 40 $m^2$ aukahús á lóð í stað 25 $m^2$.

5. **Laugarás; Frístundabyggð vestan þéttbýlis; Deiliskipulag – 2203003**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar vestan þéttbýlisins að Laugarás. Deiliskipulag fyrir frístundasvæðið var áður hluti af deiliskipulagi fyrir þéttbýlið. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að yfirfara og uppfæra byggingarskilmála frístundasvæðisins í samræmi við gildandi aðalskipulag. Frístundabyggðin er afmörkuð þannig að hún haldist samfelld, gerð verður grein fyrir uppbyggingu á lóðum innan svæðisins og settir skilmálar um landnotkun, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja.

6. **Laugarás; Þéttbýli; Endurskoðun deiliskipulags – 2108094**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til þéttbýlisins að Laugarási. Stefna eldra deiliskipulags er yfirfarin og uppfærð. Fyrirkomulag nýrrar íbúðarbyggðar er endurskoðað og leitast er við að setja fram stefnu sem styrkir atvinnu og ný atvinnutækifæri. Byggð er þétt á nokkrum stöðum þar sem því verður við komið. Skilmálar fyrir lóðir eru yfirfarnir og eftir atvikum breytt. Götur eru í einhverjum tilfellum breikkaðar og breytt til að bæta umferðaröryggi og tekið frá svæði fyrir gangstéttar meðfram götum. Tekið er frá svæði fyrir nýja brú yfir Hvítá og veg að henni. Skipulagssvæðið er um 169 ha að stærð. Samhliða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á aðalskipulagi Laugaráss í Bláskógabyggð 2015-2027.

7. **Reykholt í Þjórsárdal; Deiliskipulagsbreyting – 2208038**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Reykholts í Þjórsárdal. Í breytingunum felst að hliðra til byggingarreit B1, breyta lóðarmörkum lítillega án þess þó að breyta lóðarstærð, uppfæra byggingarmagn á byggingarreitum og skilmála um lón og að bæta inn byggingarreit yfir borholu. Tilgangur breytinganna er að fella megi byggingar fyrirhugaðra fjallabaða betur að landinu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is , www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is , www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is

Mál nr. 1 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 29. september 2022 til og með 21. október 2022.

Mál nr. 2 - 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 29. september 2022 með athugasemdafrest til og með 11. nóvember 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

*Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2668 Fimmtudagur 29. september 2022

# Fjögurra tunnu kerfi og töluverðar breytingar á gjaldskrá í Árborg


Mynd: Dagskráin/HGL

Á síðasta fundi Umhverfisnefndar Árborgar sem haldinn var á mánudag mætti Atli Marel, sviðsstjóri Umhverfis- og mannvirkjasviðs og fór yfir nýjar tillögur að sorphirðu í Árborg. Nefndin samþykkti að taka upp fjögurra tunnu kerfi og mun ein tunna bætast við á hvert heimili, en ný lög sem taka gildi 1. janúar 2023 kveða á um að skylda verði að safna eftirfarandi úrgangsflokkum við húsvegg og í aðskilin ílát:

- Pappír og pappa
- Plasti
- Almennu sorpi
- Lífrænum eldhúsúrgangi.

Í samtali Dagskránnar við Atla Marel Vokes, sviðsstjóra á mannvirkja- og umhverfissviði segir hann: „Á mannamáli þarf að skipta upp bláu tunnunni sem við þekkjum í dag og aðskilja þá flokka við húsvegg, málmur fer svo á grenndarstöð og/eða gámasvæði.“

Nefndin fól Mannvirkja- og umhverfissviði að vinna tillögur að nýrri samþykkt um meðhöndun úrgangs í Árborg og leggja drög að nýrri gjaldskrá en hún kemur til með að taka töluverðum breytingum þar sem farið verður úr föstu sorpgjaldi yfir í hugtakið „borgað þegar hent er“ sem verður útskýrt fyrir íbúum á seinni stigum.

Samkvæmt Atla mun sveitarfélagið væntanlega bjóða íbúum að velja tvískiptar tunnur fyrir pappa, pappír og plast líkt og stefnt er að hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Tvískipta tunnan verður ný og með innleggi og lokum verður væntanlega skipt 60/40 – pappír-pappi/plast. HGL

# Menningarmánuðurinn október 2022

MENNINGARMÁNUÐURINN OKTÓBER
Sveitarfélagið ÁRBORG

Sveitarfélagið býður upp á metfjölda viðburða í Menningarmánuðinum október fyrir fólk á aldrinum eins til hundrað og eins árs!

Nú loks eftir þriggja ára fjarveru mætir Menningarmánuðurinn október hlaðinn fjölbreyttri dagskrá fyrir alla aldurshópa. Sveitarfélagið hvetur alla íbúa og gesti til að taka þátt og njóta alls þess besta sem mánuðurinn hefur upp á að bjóða, hvort sem það eru listasýningar, tónleikar, óperusýning, fræðsluganga, bókmenntakynningar, listasmiðjur, bíóferðir eða leiklestur þá verður nóg um að vera í Sveitarfélaginu Árborg í Menningarmánuðinum október.

Hvert ár mótast dagskrá hátíðarinnar af íbúum sveitarfélagsins, félagasamtökum og fleirum. Sveitarfélagið hvetur alla áhugasama að hafa samband til að tryggja fjölbreytta og skemmtilega dagskrá fyrir alla aldurshópa í menningarmánuðinum. Við þökkum frábærar viðtökur í ár og hlökkum til Menningarmánaðarins október 2022.

Nánar um dagskrá Menningarmánaðarins október er að finna á www.arborg.is.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

TAXI SELFOSSI
482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa ☎ 696 2311 Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Pípulagnir Júlla
Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is
ornja@btnet.is - Sími 772 1456

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is